

Kjaradeilusjóður SBU

Ársreikningur 2017

Borgartúni 6
105 Reykjavík

Kt. 511290-2369

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda.....	1
Áritun og skýrsla stjórnar.....	3
Rekstrarreikningur.....	4
Efnahagsreikningur.....	5
Sjóðstreymi.....	6

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Kjaradeilusjóðs SBU

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Kjaradeilusjóðs SBU fyrir árið 2017. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning þann 31. desember 2017, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2017, efnahag hans 31. desember 2017 og breytingu á handbæru fé á árinu 2017, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda. Við erum óháð Kjaradeilusjóði SBU í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur (IESBA Code) og viðeigandi settar siðareglur á Íslandi og höfum uppfyllt önnur ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Stjórn er ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn er einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn að meta rekstrarhæfi Kjaradeilusjóðs SBU og eftir því sem við á, skýra frá þeim atriðum sem varða rekstrarhæfið og notkun forsendunnar um áframhaldandi rekstrarhæfi, nema ætlunin sé að leysa upp sjóðinn eða hætta starfsemi hans, eða ef enginn annar raunhæfur valkostur er í stöðunni.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær, einar og sér eða samanlagðar, gætu haft áhrif á fjárhagaslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins.

Áritun óháðs endurskoðanda

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggjum við á faglegri dómgreind og beitum ávallt faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- * Við greinum og metum hættur á verulegum skekkjum í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnu og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- * Við öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits sjóðsins.
- * Við metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- * Við ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun okkar. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi sjóðsins.
- * Við metum í heild sinni hvort framsetning og uppbygging ársreikningsins, þ.m.t. innihald og skýringar, gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem koma upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem fram koma við endurskoðunina, eftir því sem við á.

Skýrsla um innihald skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita samkvæmt lögum um ársreikninga og ekki koma fram í skýringum.

Reykjavík 18. apríl 2018

Valgerður Kristjánsdóttir

löggiltur endurskoðandi

Ernst & Young ehf.

Borgartúni 30

105 Reykjavík

Áritun og skýrsla stjórnar

Ársreikningur Kjaradeilusjóðs SBU er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Samkvæmt rekstrarreikningi sjóðsins var hagnaður ársins 2017 kr. 1.164.299. Hrein eign félagsins í árslok var jákvæð um kr. 12.296.852.

Stjórn Kjaradeilusjóðs SBU samþykkir hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2017 með undirritun sinni.

Reykjavík 18. apríl 2018

Sigrún Guðnadóttir, formaður

Óskar Guðjónsson

Óskar Þór Þráinsson

Sigríður Júlía Sighvatsdóttir

Hallfríður Kristjánsdóttir

Rekstrarreikningur 2017

	Skýr.	2017	2016
Rekstrargjöld			
Gjöld vegna verkfalla BHM.....		0	229.140
		<u>0</u>	<u>229.140</u>
Rekstrartap		<u>0</u>	<u>(229.140)</u>
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur.....		17.236	23.343
Hagnaður af verðbréfaeign.....		1.210.496	730.330
Fjárvörslukostnaður.....		(60.000)	(60.000)
Fjármagnstekjuskattur.....		(3.433)	(4.622)
		<u>1.164.299</u>	<u>689.051</u>
		<u>1.164.299</u>	<u>459.911</u>
Hagnaður ársins		<u>1.164.299</u>	<u>459.911</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2017

Eignir

	Skýr	2017	2016
Veltufjármunir			
Verðbréfaeign.....		17.917.126	16.706.630
Handbært fé.....		429.491	475.688
Veltufjármunir samtals		<u>18.346.617</u>	<u>17.182.318</u>
Eignir samtals		<u><u>18.346.617</u></u>	<u><u>17.182.318</u></u>

Eigið fé og skuldir

Eigið fé

Eigið fé í upphafi árs.....		11.132.553	10.672.642
Hagnaður ársins.....		1.164.299	459.911
Eigið fé samtals		<u>12.296.852</u>	<u>11.132.553</u>

Skuldir

Skammtímaskuldir

Skuld við Félagssjóð.....		6.049.765	6.049.765
Skammtímaskuldir samtals		<u>6.049.765</u>	<u>6.049.765</u>

Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>18.346.617</u></u>	<u><u>17.182.318</u></u>
------------------------------------	--	--------------------------	--------------------------

Sjóðstreymi 2017

Handbært fé frá rekstri	2017	2016
Innborganir:		
Innborgaðir vextir.....	17.236	23.343
Lán frá Félagssjóði.....	0	229.140
Innborganir samtals	<u>17.236</u>	<u>252.483</u>
Útborganir:		
Greiðslur vegna verkfalla BHM.....	0	229.140
Greiddur fjármagnstekjuskattur og bankakostnaður.....	63.433	64.622
Útborganir samtals	<u>63.433</u>	<u>293.762</u>
Handbært fé til rekstrar.....	(46.197)	(41.279)
Handbært fé í ársbyrjun	475.688	516.967
Handbært fé í árslok	<u>429.491</u>	<u>475.688</u>

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Fjárhæðir eru sýndar í heilum krónum.

Verðbréf

Verðbréf í eigu sjóðsins eru skráð á virkum markaði og eru eignfærð á markaðsverði í árslok.

Handbært fé

Til handbærs fjár teljast bankainnstæður.